



Borgarráð

Reykjavík, 6. janúar 2025
FAS22100131

Tryggvagata 19, Kolaportið, leiga

Óskað er eftir samþykki borgarráðs fyrir framlengingu leigusamnings við Framkvæmdasýsluna - Ríkiseignir (FSRE), f.h. ríkissjóðs, kt. 690981-0259, um afnot af hluta 1. hæðar að Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík. Samkomulag hefur náðst við FSRE um framlengingu húsaleigusamningsins um einn mánuð, til loka janúar 2025, með fyrirvara um samþykki borgarráðs.

Þá er óskað eftir að eignaskrifstofu verði heimilað að gera tímabundinn húsaleigu- og rekstrarsamning við Varmdal ehf. kt. 440124-1780, Heiðarbæ 1, 110 Reykjavík um tímabundinn rekstur á almenningsmarkaði í Tryggvagötu 19, út janúarmánuð með heimild til framlengingar um allt að 6 mánuði náist samkomulag um það við alla aðila.

Greinargerð:

Tímabundinn húsaleigusamningur á milli Reykjavíkurborgar og FSRE um 1. hæð í Tryggvagötu 19, rann út 31. desember 2024 sl. Með réttu bar Reykjavíkurborg að skila húsnæðinu þann dag. Portið ehf., sem skv. leigusamningi yfirtók allar skyldur Reykjavíkurborgar gagnvart húseiganda (FSRE) var úrskurðað gjaldþrota um miðjan desember 2024. Samkvæmt heimildum eignaskrifstofu hafa seljendur í Kolaportinu ekki verið meðvitaðir um að leigusamningurinn væri að renna út og í raun staðið í þeirri trú að Kolaportið yrði rekið áfram í óbreyttri mynd í húsnæðinu við Tryggvagötu 19.

Eignaskrifstofa Reykjavíkurborgar óskar eftir framlengingu leigusamnings á milli Reykjavíkurborgar og FSRE um einn mánuð eða til loka janúarmánaðar 2025. Er það gert til að mæta hagsmunum seljenda í Kolaportinu. Seljendur, sem nýta sölubása í húsnæðinu, hafa ekki rýmt sölubása fyrir 1. janúar 2025 þrátt fyrir að gert hafi verið ráð fyrir því samkvæmt leigusamningi við Portið ehf.

Þá er óskað eftir samþykki fyrir því að gerður verði húsaleigu- og rekstrarsamningur við Varmdal ehf. sem mun ganga inn í leigusamning Reykjavíkurborgar og FSRE. Varmdal ehf. er einn seljanda í Kolaportinu og hefur óskað eftir að fá að reka almenningsmarkaðinn út janúar og lengur ef óskað verður eftir því skv. skilmálum meðfylgjandi samningsdraga.

Portið ehf. hefur verið með leigusamning um Tryggvagötu 19 frá árinu 2014 og hefur rekið þar almenningsmarkaðinn Kolaportið en hefur ekki greitt leigu til Reykjavíkurborgar lengi. Þann 2. desember sl. féllst Héraðsdómur Reykjavíkur á kröfu Gjaldheimtunnar f.h. Reykjavíkurborgar, að bú Portsins ehf. yrði tekið til gjaldþrotaskipta vegna vangoldinnar húsaleigu. Höfuðstóll skuldar stendur í 162.766.556,- auk vaxta og innheimtukostnaðar. Óskað hefur verið eftir því við skiptastjóra að hann leiti allra leiða til að endurheimta verðmæti með þeim úrræðum sem honum eru tæk.



Samningur við Varmdal ehf. um leigu og rekstur í Tryggvagötu 19 út janúarmánuð er gerður með það að markmiði að milda áhrifin á seljendur í Kolaportinu.

Verði ekki samið um áframhaldandi leigu á húsnæðinu fram yfir janúarmánuð, hafa seljendur nú verið upplýstir um stöðuna og þeim veitt svigrúm til að rýma leigurými. Með þessu ætti að skapast nægilegur tími til að undirbúa eignina fyrir afhendingu til FSRE.

Framlengingin gefur svigrúm til að ákveða næstu skref.

Virðingarfyllt,

Óli Jón Hertervig
Fjármála- og áhættustýringarsvið
Eignaskrifstofa

Hjálagt:

- Drög að tímabundnum húsaleigu- og rekstrarsamningi við Varmdal ehf. um rekstur almenningsmarkaðs á 1. hæð, Tryggvagötu 19, dags. xx. janúar 2025.
- Leigusamningur Reykjavíkurborgar við FSRE, dags. 9. maí 2014.

Húsaleigu- og rekstarsamningur

um húsnæði á 1. hæð í Tryggvagötu 19

Undirritaðir gera með sér eftirfarandi samning um húsaleigu- og rekstur á hluta 1. hæðar að Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík, hér eftir nefnt Kolaport.

Reykjavíkurborg, kt 530269-7609 vegna Reykjavíkurborgar – eignasjóðs kt. 570480-0149, Borgartúni 12 – 14, Reykjavík (sem umráðandi)

og

Varmdal ehf. kt. 440124-1780, Heiðarbæ 1, 110 Reykjavík, (hér eftir nefndur rekstraraðili). Fyrirsvarsmaður er Hrafn Varmdal.

Sameiginlega nefndir aðilar.

Aðilar samnings þessa hafa komist að samkomulagi um að rekstraraðili taki á leigu hluta 1. hæðar við Tryggvagötu 19 og reki þar almenningsmarkað í svipuðu formi og hefur verið undanfarin ár undir nafninu Kolaport. Verður hér eftir vísað til Kolaportsins í samningi þessum.

Markmið með samningi þessum er að veita endanotendum/seljendum í Kolaportinu tækifæri til að skila rýmum sem þeir hafa haft á leigu, til Reykjavíkurborgar við lok leigutíma. Er með því reynt að koma til móts við seljendur og veita þeim viðbótarfrest til að tæma en að öðrum kosti hefði verið 31. desember 2024.

Eigandi hússins (húseigandi) er ríkissjóður (FSRE) og hefur umráðandi haft húsnæðið á leigu skv. samningi frá árinu 2014 og lauk þeim samningi 31.12.2024. Umráðandi hefur fengið leigusamningi við ríkissjóð framlengdan um 1 mánuð eða til 31. janúar 2025. Um er að ræða tímabundið úrræði og er rekstraraðila kunnugt um að ekki liggur fyrir frekari framleiga að svo stöddu en fyrir liggur áhugi eiganda húsnæðisins og umráðanda um mögulega framlengingu leigusamnings.

1. gr.

Hið leigða

Rekstraraðili tekur að sér að reka almenningsmarkað í húsinu við Tryggvagötu 19, sem er 2.423 m² húsnæði á 1. hæð húsnæðis, svonefnds Tollhúss.

Rekstraraðila er óheimilt að hafa annan og óskyldan rekstur í húsnæðinu.

Rekstraraðili ber fulla ábyrgð á samningnum gagnvart húseiganda brjóti framleigutakar/endanotendur gegn ákvæðum samnings.

2. gr.

Leigugjör

Leigugjald er kr. **3.700.000,-** og miðast við vísitölu neysliverðs til verðtryggingar eins og hún er í desember 2024 (634,1 stig) og breytist með henni til hækkunar eða lækkunar á eins mánaðar fresti.

Leiga fyrir janúarmánuð skal vera 1/3 af fullu leiguverði og er þá tekið tillit til þess að ekki er líklegt að fullur rekstur geti hafist í upphafi janúarmánaðar.

Virðisaukaskattur leggst ekki ofan á leiguverð.

Húsaleiga greiðist á gjalddaga 1. hvers mánaðar og er eindagi 15. hvers mánaðar.

3. gr. Leigutími

Um er að ræða tímabundinn leigu- og rekstrarsamning sem tekur gildi við undirritun og gildir til 31. janúar 2025.

Aðilar geta samið um framlengingu samningsins í allt að 2 mánuði í senn, að hámarki 6 mánuði, að því tilskildu að báðir aðilar samþykki slíka framlengingu skriflega og samþykki borgarráðs liggi fyrir.

Leigutíma lýkur án sérstakrar uppsagnar hafi ekki verið samið um annað.

4. gr. Framleiga

Rekstraraðila er með öllu óheimilt að framselja samning þennan, hvort sem er að heild eða hluta að öðru leyti en kveðið er á um í ákvæði þessu.

Rekstraraðila er heimilt að gera leigusamning við seljendur, sem endanotendur, í Kolaportinu fyrir janúar mánuð enda sé um sömu aðila að ræða sem hafa verið með rými á leigu á árinu 2024. Ekki er heimilt að gera leigusamning við nýja seljendur.

Rekstraraðili, hefur heimild til, í samráði við notendur Kolaportsins, að hafa Kolaportið opið um helgar eins og háttur hefur verið á undanfarin ár.

Allt viðburðarhald er óheimilt á leigutímanum.

Verði samþykkt að framlengja gildistíma samnings til samræmis við 3. gr. samnings þessa, breytist ákvæði þetta á þann veg að rekstraraðila er heimilt að gera leigusamning við nýja seljendur til að tryggja fulla nýtingu á sölusvæði Kolaportsins.

5. gr. Rekstrarkostnaður, viðhald og breytingar

Umráðandi hefur skipt um allar skrár í húsnæðinu og tryggt þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að því. Rekstraraðili fær strax við upphaf leigutíma aðgang og lykjavöld að húsnæðinu. Húsumsjónarmenn, sem annast húsvörslu í Tollhúsinu, Tryggvagötu 19, skulu hafa aðgang að hinu leigða húsnæði til eftirlits og öryggisgæslu. Jafnframt skal húseigandi hafa þann aðgang sem nauðsynlegur er vegna viðhalds eða starfsemi í húsinu.

Rekstraraðili greiðir allan kostnað af notkun vatns og rafmagns. Ennfremur greiðir hann allan annan rekstrarkostnað, s.s. vegna umhirðu, snjómoksturs, upphitunar og ræstingar hins leigða.

Húseigandi greiðir öll opinber gjöld af hinu leigða ásamt lögboðinni brunatryggingu samkvæmt leigusamningi húseiganda og leigutaka frá 10. maí 2014.

Húseigandi annast á sinn kostnað allt viðhald á ytra yrði hússins og grunn- og tæknikerfum sem hann leggur til í upphafi.

Ekki er gert ráð fyrir að rekstraraðili fari í breytingar á húsnæðinu.

6. gr.

Tryggingar og ábyrgð

Umráðandi ber ekki ábyrgð á tjóni er kann að verða á eignum leigutaka í hinu leigða húsnæði vegna óhappa, svo sem vatnstjóns, elds og reyks nema því aðeins að umráðandi, eða þeim sem hann ber ábyrgð á, verði um kennt. Rekstraraðila ber að fara varlega með eld í húsinu og önnur hættuleg efni og gæta þess að ekki stafi hætta af rafleiðslum, vélum eða öðrum hlutum sem hann hefur og notar í húsinu. Rekstraraðili skal annast á sinn kostnað allar nauðsynlegar eldvarnir og aðrar slíkar ráðstafanir í hinu leigðu húsnæði sem Slökkviliðið á Höfuðborgarsvæðinu eða aðrar opinberar stofnanir kunna að gera kröfu til vegna starfsemi rekstraraðila.

Verði hið leigða húsnæði fyrir tjóni af völdum rekstraraðila, starfsmanna, framleigutaka eða annarra sem hann hefur leyft afnot af húsnæðinu eða umgang um það, skal rekstraraðili bæta tjónið svo fljótt sem verða má.

Rekstraraðili skal tryggja sig gagnvart tjóni á vörum og búnaði sem kann að verða af völdum vatns eða elds í hinu leigða húsnæði þannig að umráðandi beri ekki skaða af slíkum óhöppum.

7. gr.

Skil húsnæðis

Að leigutíma liðnum skal rekstraraðili skila húsnæðinu tómu og hreinu.

Skulu aðilar samningsins meta sameiginlega hvort viðskilnaður sé viðhlítandi.

8. gr.

Annað

Að öðru leyti en hér er kveðið á um yfirtekur rekstraraðili allar skyldur umráðanda, samkvæmt leigusamningi á milli Fasteigna Ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar dags. 10. maí 2014, sem er fylgiskjal þessa samnings, um aðrar samningsskyldur en hér greinir.

Að öðru leyti en að framan greinir gilda almenn ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994, með áorðnum breytingum, eins og við getur átt.

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Af samningi þessum eru gerð 2 eintök, eitt handa hvorum aðila.

Öllu framangreindu til staðfestingar rita fyrirsvarsmenn aðila nöfn sín hér undir í viðurvist þar til kvaddra vitundarvotta.

Reykjavík, dags. _____

F.h. Reykjavíkurborgar skv. samþykki F.h. Varmdals ehf.
borgarráðs dags. 11. janúar 2025

Samningur þessi er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir.

SAMNINGUR UM AFNOT OG LEIGU

Fasteignir ríkissjóðs, kt. 690981-0259, hér eftir nefndar leigusali, og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar-eignasjóðs kt. 570480-0149, hér eftir nefnd leigutaki, gera með sér eftirfarandi samning.

1. gr.

Leigutaki tekur á leigu 2.423 fermetra húsnæði á 1. hæð svonefnds Tollhúss við Tryggvagötu 19, Reykjavík. Löggun og stærð rýmisins er sýnd á hjálögðum uppdrætti sem er hluti þessa samnings.

2. gr.

Leigutaka er heimilt að framleigja aðstöðuna undir markað með sama sniði og verið hefur í húsnæðinu undanfarin ár. Leigutaki ber hins vegar fulla ábyrgð á samningnum gagnvart leigusala brjóti framleigutakar gegn ákvæðum framleigusamnings eða samnings þessa.

3. gr.


Leigusali áformaði að leggja akstursbraut í gegnum húsið vestanmegin og upp á þriðju hæð, svo nýta megi bílastæði á þaki norðurálmú til að uppfylla bílastæðakvöð hússins. Samkomulag hefur náðst um að þau áform verði lögð til hliðar á gildistíma samnings þessa. Til að koma til móts við bílastæðapörf Tollstjórans í Reykjavík mun Reykjavíkurborg leggja Tollstjóra til 77 bílastæði til eigin afnota án endurgjalds, eins og eldra samkomulag, dags. 13. apríl 1993, gerir ráð fyrir. Leigusali áformar að setja 11 bílastæði innhúss á fyrstu hæð sem nú hýsir húsnæði Kolaportsins og koma þau til frádráttar umræddum 77 stæðum þegar þau verða tekin í notkun. Við lok leigutíma falla niður skuldbindingar Reykjavíkurborgar til að koma til móts við bílastæðapörf Tollstjóra samkvæmt þessum samningi.

4. gr.

Fyrir liggur að leigusali mun endurnýja á sinn kostnað allt þakefni yfir hinu leigða. Samhliða þeirri framkvæmd verður byggt milligólf (tæknirými) á stálgrind meðfram suðurhlið á kostnað leigusala. Á framkvæmdatímanum verður einnig ráðist í nauðsynlegar endurbætur á niðurföllum, lagnakerfum, loftræsistokkum og raflögum í loftum hins leigða á kostnað leigusala.

5. gr.

Framkvæmdir skv. 4. gr. eru fyrirhugaðar á árinu 2014. Leigutaki mun gera framleigutökum grein fyrir að þeir þurfi búa sig undir rask og ónæði sem fylgir vinnu við lagnir í lofti og leka og gera viðeigandi varúðarráðstafanir til að mæta hættu á tjóni sem kann að fylgja vinnu við endurnýjun á þakefnum. Framkvæmdaáætlun gerir ráð fyrir þremur verkáföngum og þarf leigutaki að rýma samsvarandi svæði á fyrstu hæð. Leigutaki sér um að aðskilja framleigutaka frá athafnasvæði verktaka á eigin kostnað. Leigutaki mun sjá um að rýma sýningarstanda og aðrar eigur framleigutaka, og aðila á hans vegum, þannig að þær verði ekki fyrir áætluðu framkvæmdasvæði, eða að skilið sé þannig við vörur og eigur notenda að hætta verði á því að þær skemmist. Leigusali tilkynnir leigutaka með hæfilegum fyrirvara um fyrirhugaðar framkvæmdir þannig að hann geti gert nauðsynlegar ráðstafanir í þessa veru.



6. gr.

Leigusali mun leitast við að halda tímaáætlun og haga verkáföngum eins og áætlanir segja fyrir um. Haft verður nánara samráð um tímasetningar og útfærslur þegar nær dregur framkvæmdum. Leigusali mun leitast við að framkvæmdir taki sem stytan tíma og þess verði gætt að starfsemi hins leigða rýmis verði að stærstum hluta óraskaður meðan á framkvæmdum stendur. Leigusali og leigutaki vinna sameiginlega að gerð framkvæmdaáætlunar. Leigutaki gerir ekki bótakröfur á hendur leigusala þótt áætlanir hliðrist, eða vegna tjóns eða truflana sem framkvæmdir við húsið valda leigutaka eða notendum. Leigusali beinir tilkynningum um framkvæmdir og rýmingu svæða vegna þeirra til leigutaka sem skal koma þeim áfram til framleigutaka.

7. gr.

Áformað er að í stað innkeyrsluhurða á norðurhlið hússins verði komið fyrir álguggaeyningum með nýjum inngöngudyrum. Að fengnu leyfi byggingarfulltrúa skal leigutaki ráðast í og kosta þær framkvæmdir samkvæmt deilihönnun aðalhönnuðar og að höfðu samráði við leigusala. Kjósi aðilar að haga ábyrgð á framkvæmd verksins með öðrum hætti skal samið um það sérstaklega. Að leigutíma liðnum, eða við samningsbundin leigulok samnings þessa að beiðni leigutaka, verður framkvæmdin eign leigusala. Geri áætlanir ráð fyrir að kostnaður leigutaka verði umfram 50 m.kr., skrifað -krónur fimmtíumilljónir- miðað við byggingavísitölu 119 í janúar 2014, sem hækkar eða lækkar eftir hækkun eða lækkun vísitölnunnar frá þeim tíma, skulu samningsaðilar leita leiða til þess að lækka kostnað.

8. gr.

Að loknum framkvæmdum verða loft og veggir þess hluta hins leigða, sem orðið hafa fyrir raski vegna framkvæmdanna, málaðir. Að öðru leyti mun leigusali ekkert aðhafast umfram það sem nauðsynlegt er í tengslum við framkvæmdir sem áður er lýst. Grunnlýsing verður sú sama í lofti, salernisaðstaða verður óhreyfð frá því sem er, núverandi lofthitablásarar munu fylgja húsnæðinu og sprinkler vatnsúðakerfi verður aðlagð að breytingum á húsnæðinu og mun uppfylla kröfur eldvarnareftirlits.

9. gr.

Leigutaki mun annast á sinn kostnað allar framkvæmdir sem hann telur að þurfi að ráðast í vegna starfsemi í hinu leigða rými. Leyfisskyldar breytingar á innri skipan hins leigða skulu lagðar fyrir byggingarfulltrúa Reykjavíkur og hljóta staðfestingu hans. Leigutaki ber ábyrgð á að húsnæðið uppfylli opinberar kröfur t.d. vegna eldvarna og aðgengis og skal hlíta öllum fyrirmælum eldvarnareftirlits hvað það varðar.

10. gr.

Leigutími hefst þann 1. júní 2014 og lýkur 31. desember 2024 án uppsagnar.

11. gr.

Leiguverð er kr. 1000,- pr. fermetra, eða kr. 2.423.000,- á mánuði. Húsaleigan miðast við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar eins og hún er í janúar 2014 (416,7 stig) og breytist með henni til hækkunar eða lækkunar á eins mánaðar fresti. Verði vísitala neysluverðs lögð niður sem verðmæling skal miðað við sambærilega verðbreytingamælingu sem í gildi kann að vera á leigutímabilinu. Virðisaukaskattur leggst ekki ofan á leiguverðið. Húsaleiga er innheimt með útsendum greiðsluseðli af hálfu leigusala. Leigutaka ber að standa skil á húsaleigu mánaðarlega fyrirfram og er

2
GAF
ker
sm.

gjaldþagi leigunnar 1. dagur hvers mánaðar fyrir viðkomandi mánuð og eindagi 15 dögum síðar. Reikningar skulu berast leigutaka 25 dögum fyrir eindaga til að dráttarvextir teljist réttmætir

12. gr.

Leigutaki greiðir allan kostnað af notkun vatns og rafmagns. Ennfremur greiðir hann allan annan rekstrarkostnað, s.s. vegna umhirðu, snjómoksturs, upphitunar og ræstingar hins leigða. Leigutaki skal hafa samráð við leigusala um merkingar á húsinu. Hann skal greiða kostnað við þær sjálfur og fjarlægja og laga ummerki að leigutíma liðnum.

13. gr.

Leigutaki annast á sinn kostnað endurnýjun ljósgjafa og málun húsnæðisins að öðru leyti en greinir í 8. gr. Einnig annað viðhald, s.s. á læsingum, úti- og innihurðum, lómum, salernum, snyrtiaðstöðu, vatnskrönum, raftenglum, öryggiskerfum og innréttingum.

14. gr.

Leigusali greiðir öll opinber gjöld af hinu leigða ásamt lögboðinni brunatryggingu. Hann annast á sinn kostnað allt viðhald á ytra byrði hússins og grunn- og tæknikerfum sem hann leggur til í upphafi.

15. gr.

Leigutaki og leigusali skulu tryggja að öll starfsemi á þeirra vegum sé vel aðgreind frá starfsemi hvors annars í húsinu og gæta þess að valda ekki truflunum með hirðuleysi, hávaða, óþrifum, ólykt eða öðru því sem til skaða má telja.

16. gr.

Verði hið leigða húsnæði fyrir tjóni af völdum leigutaka, starfsmanna, framleigutaka eða annarra sem hann hefur leyft afnot af húsnæðinu eða umgang um það skal leigutaki bæta tjónið svo fljótt sem verða má. Leigutaki skal tryggja sig gagnvart tjóni á vörum og búnaði sem kann að verða af völdum vatns eða elds í hinu leigða húsnæði, þannig að leigusali beri ekki skaða af slíkum óhöppum.

17. gr.

Húsumsjónarmenn, sem annast húsvörslu í Tollhúsinu, skulu hafa aðgang að hinu leigða húsnæði til eftirlits og öryggisgæslu. Jafnframt skal leigusali hafa þann aðgang að hinu leigða sem nauðsynlegur er vegna viðhalds eða starfsemi í húsinu. Slíkt aðgengi skal vera í fullri sátt við leigutaka og notendur húsnæðisins.

18. gr.

Leigutaki og leigusali skuldbinda sig til að haga aðdrætti og umferð við húsið á þann hátt að sem minnst truflun verði fyrir aðra starfsemi í húsinu. Húsnæðinu fylgja engin stæði fyrir bifreiðar. Óheimilt er því að leggja bifreiðum á gangstéttum meðfram húsinu eða við norðurhlið hússins. Á sama hátt er leigusala og óheimilt að leggja bifreiðum á gangstéttum þannig að það trufla starfsemi leigutaka.

OH
/ sje
3
sm.

19. gr.

Leigutaki skal gæta sérstaklega að umgengni umhverfis húsið og að hún sé ávallt til fyrirmyndar. Söfnun á úrgangi skal vera innandyra og óheimilt að koma fyrir ruslatunnum eða ruslagámum utan hússins. Reykingar eru ekki leyfðar í eða við húsið.

20. gr.

Að leigutíma liðnum skal leigutaki hreingera húsið og fjarlægja allt rusl og dót sem tilheyrir honum. Skulu aðilar leigusamnings meta sameiginlega hvort viðskilnaður sé viðhlítandi.

21. gr.

Að öðru leyti en að framan greinir gilda almenn ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994 með áorðnum breytingum, eftir því sem við kann að eiga.

22. gr.

Með samningi þessum falla niður eða breytast eftirtaldir samningar, bréf og yfirlýsingar:

- a) Viljayfirlýsing milli Reykjavíkurborgar og fjármálaráðuneytisins, dags. 23. janúar 2008, fellur niður nema 1. gr. varðandi áhuga ríkis á stækkun á Tollhúsinu. Sama gildir um efni bréfs fjármálaráðuneytisins til Reykjavíkurborgar, dags. 23. september 2011, nema varðandi þau atriði sem snúa sérstaklega að stækkun Tollhússins á grundvelli 1. gr. framangreindrar viljayfirlýsingar.
- b) Áður en samningur þessi getur tekið gildi munu Fasteignir ríkissjóðs og Portið ehf. fella niður núgildandi leigusamning milli þessara aðila, dags. 13. september 2007.
- c) Með samningi þessu eru uppfyllt 2. og 4. gr. í samkomulagi, dags. 10 maí 1993, um bílastæði og framkvæmdir þeim tengdum, enda hafi leigutaki uppfyllt 7. gr. samnings þessa um þær framkvæmdir sem þar er fjallað um og að uppfylltum þeim ákvæðum hans sem fjalla um endurgjaldslaus bílastæði sbr. 3. gr. samnings þessa. Önnur ákvæði samkomulagsins halda gildi sínu eftir því sem við á enda stangist þau ekki á við leigusamning þennan.

4
SM.
Xcd
CZH

Reykjavík, 9. maí 2014

f.h. Fasteigna ríkissjóðs sem leigusala

H. Snævarr Jensen

f.h. Reykjavíkurborgar sem leigutaka

Ólafur Þorvaldursson

Skv. samþykkt borgarráðs, dags. 2. maí 2014



Staðfesting fjármála- og efnahagsráðuneytis

Haukeiður S. Haldrup



Vitundarvottar:

Reður Þorgeirsson 051079-4269
nafn kt.

J. J. Lífmann 010861-4709
nafn kt.

